

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	7.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður/Kristleifur	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna fjölda ábendingar sem Umhverfisstofnun hafði borist vegna reykmenngunar 6. og 7. desember. Rekstrarstöðvun var klukkan 4 aðfaranótt þriðjudags 6. desember og hafði ekki verið sett afl á ofninn aftur þegar eftirlit fór fram. Takmörkuð mengun ætti að koma frá verksmiðjunni meðan ofn er úti. Í eftirlitinu eru skráð 2 ný frávik. Umhverfisstofnun barst tímasett úrbótaáætlun vegna fráviks sem hafa komið upp og telur stofnunin hana fullnægjandi.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir skráningar sem rekstraraðili gerir varðandi starfsemi ofns og reykhreinsivirkis. Sískráning er gerð á afli ofnsins hverju sinni en ómögulegt er að mæla nákvæmt hitastig inni ofninum sjálfum. Í fyrra eftirliti voru gefnar nokkuð misvísandi upplýsingar um hitastig ofnins. Sjálfvirkur búnaður sér um að vigta og skrá niður þyngd hráefna áður en það fer inn í ofninn og afurðina sem kemur út. Magn kísilryks sem safnast fyrir úr reykhreinsivirki liggur ekki fyrir en sú skráning er ekki komin í ferli. Engin mæling er á loftflæði í gegnum afsogsvirki frá ofni. Fylgst er með afsogsstyrk reykhreinsivirkisins og hann skráður niður. Ef reykhreinsivirki slær út af einhverjum ástæðum er sjálfvirkur rofi (inter-lock) á afli ofns sem slær út líka til að koma í veg fyrir mengun. Enn vantar símæli fyrir ryk í rjáfri sem er útistandandi frávik.

Rætt var um aðgerðir til að sporna við lyktarmengun frá verksmiðjunni en verið er að vinna að því að minnka kælingu hreinsivirkisins á loftinu en með losun heitara lofts er vonast til að minnka lyktarmengun. Tvöfalt magn af viðmiðunarmagni rekstraraðila af viðarflís er nú lóðinni en möguleiki er á því að verri lykt myndist af flís sem staðið hefur lengi, Rekstraraðili gerir ráð fyrir minni mengun þegar unnið hefur verið á núverandi magn og ný sending komi.

Farið var í skoðunarferð í ofnhúsi en enga lykt var að finna nema rétt við ofninn sjálfan þar sem brann í lítilsháttar glóð. Reykhræinsivirki var virkt til að anna þeim reyk en ekki ætti að finnast lykt frá því í umhverfi verksmiðjunnar. Skoðað var hvar sængursteypa er gerð en það er neyðarsteyping úr deiglu sem er gerð þegar hringekja aftöppunar er óvirk. Engin rykhræinsibúnaður eða afsog er frá sængursteypunni.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Grein 2.4 í starfsleyfi	Sængursteypa hefur ekki afsog eða ryksöfnunarbúnað en mikill reykur myndast við þetta ferli.

Grein 1.6 í starfsleyfi	Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um rekstrarstöðvun en tilkynna þarf eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og þegar notkun hefst aftur hafi starfsemin legið niðri.
-------------------------	--

### ANNÆÐ

Í hönnun verksmiðjunnar er gert ráð fyrir að öll útsteyping fari fram á steypubelti og einungis sé steyp í sæng í undantekningartilfellum þegar hringekja er biluð. Í upphafi reksturs verksmiðjunnar hefur sængursteyping einnig verið notuð í öðrum tilfellum. Umhverfisstofnun barst tímasett úrbótaáætlun vegna vinnulags og skráningu á

sængursteypingu með frest til 12. desember. Mælingar verði þá á ryki við útblástur í rjáfri húss og rykmæling við sængursteypingu með fresti til 31. janúar 2017.

Resktraraðili hefur ekki litið svo á að um rekstrarstöðvun sé að ræða þegar ofninn er stöðvaður vegna lagfæringa og lítur ekki á að grein 1.6 í starfsleyfi eigi við í þessu tilfalli. Þó verða verkferlar endurskoðaðir þannig að ofnstopp sem fyrirsjáanlegt er að verði lengri en 6 tímar verði fyrirfram tilkynnt til Umhverfisstofnunar og önnur ofnstopp verða tilkynnt strax og ljóst liggur fyrir að þau verði lengri en 6 tímar. Frestur er til 12. desember.

Reykjavík, 14.12.2016

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Einar Halldórsson